

2018

Félag íslenskra  
hjúkrunarfræðinga



**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2018**

## Setning aðalfundar

Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh setti aðalfundinn. Í ávarpi sínu ræddi hún um starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga og skort á þeim til starfa en bæði félagið og Ríkisendurskoðun vöktu athygli á þessum vanda á síðasta ári í skýrslum um vinnumarkað og menntun hjúkrunarfræðinga. Sagði hún að félagið muni halda áfram að vekja athygli á þessu ástandi og leita lausna. Þá mun félagið halda áfram baráttu fyrir bættum kjörum hjúkrunarfræðinga og jafnrétti kynjanna til launa. Leggja þurfi áherslu á að jafna hlutfall kynjanna innan stéttarinnar en lítið sem ekkert hefur þokast í þeim málum undanfain ár. Auk þess þarf að leita leiða til að fjölga hjúkrunarfræðingum í starfi og hvatti hún félagsmenn til að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða með því að taka vel á móti hjúkrunarnemum, vanda orðræðuna og umræðuna um hjúkrun og hjúkrunarstarfið og hvetja ungt fólk til að velja hjúkrunarfræði sem nám og starf í framtíðinni. Að lokum hvatti hún félagsmenn til að vera virka í umræðu og ákvarðanatöku um heilbrigðismál og standa saman á sýnilegan hátt, ekki hvað síst að standa með ungu hjúkrunarfræðingum sem eru hjúkrunarfræðingar framtíðarinnar því það sé ljóst að án þeirra verður ekki heilbrigðiskerfið rekið hér á landi.

## Kosning fundarstjóra og ritara

Fundarstjóri kosinn: Birgir Örn Ólafsson (1.0).

Fundaritarar kosnir: Aðalbjörg J. Finnbogadóttir og Hildur Björk Sigurðardóttir (1.0).

## Skýrsla um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Guðbjörg Pálsdóttir formaður gerði grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu ári (2.0).

Haldnir voru 9 stjórnarfundir á starfsárinu.

Í ár er gefin út vegleg ársskýrsla bæði á prentuðu og rafrænu formi sem er nýbreytni.

Þar gefur að líta ítarlega umfjöllun um starfsemi félagsins á starfsárinu 2017-2018.

Helstu verkefni stjórnar á liðnu starfsári voru m.a. að láta gera könnun meðal starfandi hjúkrunarfræðinga um viðhorf þeirra til starfsins, starfsánægju, vinnuumhverfi og aðbúnað í starfi og var haldið málþing í framhaldi af skýrslunni. Farin var hringferð um landið undir yfirskriftinni „Við hlustum á þig“, ráðstefnan Hjúkrun 2017; Fram í sviðsljósið var haldin í Reykjavík, gefin var út skýrsla um eflingu geðhjúkrunar, undirrituð viljayfirlýsing í kjölfar fundar Vinnueftirlits ríkisnins um „áreiti á vinnustöðum, NEI TAKK!“ og í kjölfar #metoo byltingarinnar var stofnaður vinnuhópur innan félagsins sem mun sinna þessum málum innan félagsins og í samvinnu við önnur stéttarfélög. Unnið var áfram með átakið Karlmenn hjúkra og á kjarasviði hefur verið unnið að endurnýjun stofnanasamninga en þeir eru 27 talsins auk þess að undirbúa næstu kjarasamninga en gerðadómur mun falla úr gildi í mars 2019. Nánari upplýsingar um starfsemi félagsins er að finna í ársskýrslu félagsins 2017-2018.

## Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Sólveig Stefánsdóttir, fjármálastjóri Fíh og Anna María Þórðardóttir, varamaður í stjórn Fíh gerðu grein fyrir ársreikningum félagsins fyrir 2017. Ársreikningur var staðfestur án athugasemda af endurskoðendum BDO, skoðunarmönnum félagsins og af stjórn félagsins. Staða sjóða félagsins var betri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Niðurstaða rekstrarreiknings félagssjóðs fyrir árið var hagnaður upp á 22,9 milljónir kr.

Vinnuveitendur borga í vísindasjóð, orlofssjóð, starfsmenntunarsjóð og styrktarsjóð. Félagsmenn greiða sjálfir í félagssjóð og vinnudeilusjóð. Farið var yfir eigið fé hvers og eins sjóðs fyrir sig. Gert er ráð fyrir að hver sjóður fyrir sig standi undir kostnaði.

Ársreikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

Ársreikningur Rannsókn- og vísindasjóðs hjúkrunarfræðinga var lagður fram. Veittur var einn styrkur á árinu 2017 úr sjóðnum, til Margrétar H. Svavarsdóttur. Eigið fé í lok árs voru 4,4 milljón kr.

Ársreikningur Rannsókn- og vísindasjóðs var samþykktur samhljóða.

Ársreikningur Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar var lagður fram (3.3). Enginn styrkur var veittur úr sjóðnum árið 2017. Eigið fé í lok árs 2017 voru 4,9 milljón kr.

Ársreikningur Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar var samþykktur samhljóða.

Ársreikningur Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen var lagður fram. Enginn styrkur var veittur úr sjóðnum árið 2017. Eigið fé í lok árs voru 1,2 milljón kr.

Ársreikningur Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen var samþykktur samhljóða.

## Ákvörðun um félagsgjöld

Anna María Þórðardóttir, varamaður í stjórn félagsins kynnti tillögu stjórnar varðandi félagsgjöld (4.0). Tillaga um að félagsgjöld verði óbreytt, 1,35% af dagvinnulaunum, af því renna 0,15% beint til vinnudeilusjóðs. Félagsgjöld fagaðila verði áfram 10.000 krónur á ári og félagsgjöld aukaaðila áfram 1.000 krónur á ári.

Ákvörðun um óbreytt félagsgjöld var samþykkt samhljóða.

## Afgreiðsla markmiða og starfsáætlunar næsta starfsár

Arndís Jónsdóttir, varaformaður Fíh kynnti starfsáætlun stjórnar fyrir starfsárið 2018-2019 (5.0). Helstu verkefni næsta starfsárs eru undirbúningur kjaraviðræðna og vinna við stofnanasamninga, átak í að fjölga hjúkrunarfræðingum með því m.a. að vinna að því fá fleiri hjúkrunarfræðinga til starfa, halda þeim sem fyrir eru í starfi og fjölga

nemendum sem ljúka námi. Efla samráð í ráðum og nefndum um skipulag heilbrigðisþjónustunnar með því að auka enn frekar áhrif hjúkrunarfræðinga með þátttöku í nefndum og ráðum á vegum yfirvalda og veita umsagnir um þingsályktanir og frumvörp til laga er varða hjúkrun, hjúkrunarfræðinga sjálfa, skjólstæðinga hjúkrunarfræðinga og heilbrigðiskerfið. Þá verður unnið að frekari þróun og endurskoðun á starfssviði hjúkrunarfræðinga m.a. með eflingu leiðtoga og stjórnenda innan stéttarinnar, frekari stefnumótun félagsins varðandi viðbótar-, sí- og endurmenntun hjúkrunarfræðinga, jafnréttismál með m.a. áframhaldandi vinnu í kjölfar #metoo byltingarinnar og fjölgun karla í hjúkrun og alþjóðlegt samstarf. Að lokum má nefna 100 ára afmæli félagsins 2019 en þess verður minnst með fjölmörgum viðburðum yfir allt árið.

## Kynning fjárhagsáætlunar næsta starfsárs

Sólveig Stefánsdóttir, fjármálastjóri Fíh og Anna María Þórðardóttir, varamaður í stjórn Fíh, kynntu fjárhagsáætlun næsta starfsárs. Gert er ráð fyrir heildar rekstrartekjum félagssjóðs upp á 213 milljónir kr. Áætluð rekstrargjöld eru 226 milljónir kr., eða 20% hærra en árinu áður. Niðurstaða ársins er áætlað rekstartap upp á 13 milljónir kr., sem gengur þá á það eigið fé sem safnast hefur upp til nokkurra ára.

## Ákvörðun um laun stjórnar, sjóða og nefnda

Stjórn félagsins ákvað að leggja fyrir aðalfund ákvörðun um laun stjórnar, sjóða og nefnda en stjórn hefur hingað til ákvarðað launaröðun þessara aðila. Tillaga stjórnar um laun stjórnarmanna er tímakaup miðað við launaflokk 13-4 í núgildandi kjarasamningum við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og launaröðun fyrir nefndarstörf á vegum félagsins er tímakaup miðað við launaflokk 9-4 í núgildandi kjarasamningum við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Þetta er samhljóða núverandi launaröðun.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## Kjör í nefndir og ráð

Unnur Þormóðsdóttir formaður kjörnefndar Fíh, fór yfir kjör í nefndir og ráð (8.0). Kosnir voru 3 aðalmenn og 1 varamaður í stjórn félagsins. Alls kusu 71 fundamaður og voru allir atkvæðaseðlarnir gildir. Niðurstaða kosninga var eftirfarandi:

Anna María Þórðardóttir hlaut 64 atkvæði  
Edda Dröfn Daníelsdóttir hlaut 54 atkvæði  
Gísli Níls Einarsson hlaut 52 atkvæði  
Helena Eydal hlaut 46 atkvæði

Helena bauð sig fram sem varamann og var sjálfkjörin sem varamaður í stjórn.

### **Stjórn 2018-2020**

Anna María Þórðardóttir  
Edda Dröfn Daníelsdóttir  
Gísli Níls Einarsson

*Varamaður:*

Helena Eydal

### **Ritnefnd Tímarits hjúkrunarfræðinga 2018-2020**

Í ritnefnd var auglýst eftir þremur framboðum. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörin:

Hrund Scheving Thorsteinsson  
Margrét Hrönn Svavarsdóttir  
Sigurlaug A. Þorsteinsdóttir

### **Skoðunarmenn reikninga**

Skoðunarmenn reikninga eru kjörin árlega. Sjálfkjörin voru:

Herdís Herbertsdóttir  
Þórgunnur Hjartardóttir

## **Hjúkrunarfræðingar framtíðarinnar**

Fulltrúar nefafélaga Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands þau Lísa Margrét Rúnarsdóttir samskiptafulltrúi Eirs og Sigurður Ýmir Sigurjónsson hagsmunafulltrúi Curators ávörpuðu fundinn. Lögðu þau m.a. áherslu á bætt klínískt nám og hækkun launa til að fá sem flesta nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga til starfa við hjúkrun.

## **Önnur mál**

### **Stofnun nýrrar landsvæðadeildar (9.0)**

Deild hjúkrunarfræðinga á norðanverðu Austurlandi samþykkt samhljóða.

### **Karlmenn hjúkra**

Guðbjörg kynnti átakið Karlmenn hjúkra og sagði frá næsta skrefi sem er að greiða skólagjöld fyrir karlmenn sem fara í hjúkrunarnám. Sagði hún að til að ná til karlmanna þurfi að höfða til þeirra beint og nefndi svipaðar aðgerðir sem norðmenn hafa farið í. Nokkrar umræður sköpuðust um málið og var meðal annars bent á að greiða skólagjöld fyrir karlmenn hefði lítið að segja til fjölgunar þeirra, það þyrfti að hækka launin til að fá þá í starfið. Spurt var hvort ekki væri hægt að setja á kynjakvóta fyrir karlmenn en fram kom að HA hefur kannað það mál en reglur skólans leyfa það ekki. Þá var spurt hvort

hjúkrunarnemar hafi verið spurðir álits á þessum aðgerðum en svo var ekki. Bent var á að það mætti bæta framsetningu og kynningu á málinu.

Undir þessum lið var spurt um hvað félagið væri að gera varðandi #metoo byltinguna. Félagið hefur sett saman nefnd undir formennsku Evu Hjörtínu Ólafsdóttur kjarafulltrúa félagsins en í nefndinni eru auk hennar fulltrúar úr siðaráði og siða-og sáttanefnd félagsins. Ákjósanlegast er að aðkoma félgsins sé í samvinnu við önnur stéttafélög og vinnustaði hjúkrunarfræðinga en ábyrgð félagsins er að fylgja eftir aðgerðaráætlun vinnustaða tengdri kynbundnu ofbeldi og úrvinnslu slíkra mála. Verður þessu verkefni sinnt áfram og m.a. í góðum tengslum við önnur stéttafélög.

Umræður urðu um vikkað starfssvið hjúkrunarfræðinga. Unnið var að því á síðasta ári og var niðurstaðan sú að í lögum er ekkert sem kemur í veg fyrir að hjúkrunarfræðingar víkki út starfssvið sitt fyrir utan lyfjalög sem heimila ekki að hjúkrunarfræðingar skrifi út lyfseðla. Því var beint til stjórnar að hafa samband við fagdeild stjórnenda í hjúkrun varðandi málið.

## Ályktanir aðalfundar

Aðalfundur samþykkti eftirfarandi ályktanir

### Ályktun um fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, haldinn fimmtudaginn 24. maí 2018, lýsir yfir þungum áhyggjum vegna stöðu heilbrigðiskerfisins. Skortur á hjúkrunarfræðingum er þegar farinn að hafa neikvæð áhrif á þá þjónustu sem veitt er innan þess. Má þar nefna lokanir á legurýmum, frestun aðgerða og óviðunandi þjónustu við aldraða í heimahúsum og á hjúkrunarheimilum. Skortur á hjúkrunarfræðingum hefur áhrif á öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar. Brynt er að stjórnvöld grípi tafarlaust til aðgerða til að bæta mönnun í hjúkrun nú og til framtíðar.

### Ályktun um kjör hjúkrunarfræðinga

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, haldinn fimmtudaginn 24. maí 2018, lýsir yfir þungum áhyggjum vegna kjara hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðingar leita í vaxandi mæli í önnur störf og vega þar þyngst kjör þeirra sem endurspegla ekki menntun og ábyrgð. Munur á dagvinnulaunum hjúkrunarfræðinga og annarra með sambærilega menntun og ábyrgð er um 20%. Í nýlegri könnun á kjörum og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga sem félagið lét gera kemur fram að yfir 70% félagsmanna eru óánægðir með kjör sín og yfir 85% telja álag í starfi vera mikið. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga ítrekar að greiða þarf hjúkrunarfræðingum laun í samræmi við menntun og ábyrgð og skorar á yfirvöld að leiðrétta tafarlaust kjör þeirra og stuðla þannig að fullnægjandi mönnun hjúkrunarfræðinga til að tryggja öryggi sjúklinga og starfsfólks.

## Ályktun aðalfundar og fagdeildar stjórnenda í hjúkrun um tafarlaugar samningaviðræður við hjúkrunarfræðinga

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fagdeild stjórnenda í hjúkrun skora á stjórnvöld að hefja tafarlaust samningaviðræður við hjúkrunarfræðinga og biða ekki þar til gerðardómur frá 2015, á kjarasamning hjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, fellur úr gildi 2019.

Stjórnendur í hjúkrun hafa miklar áhyggjur af vaxandi skorti á hjúkrunarfræðingum. Laun hjúkrunarfræðinga eru ekki sambærileg við þau kjör sem þeim bjóðast við önnur störf. Það hefur valdið flóttu úr stéttinni og of lítilli nýliðun. Margir hætta að starfa við hjúkrun eftir nám vegna launa og of fáir ljúka námi. Brýnt er að snúa þessari þróun við því skortur á hjúkrunarfræðingum veldur óeðlilegu álagi á þá sem eru við störf og getur þannig ógnað öryggi sjúklinga.

### Aðalfundi slitið

Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Fíh, sleit aðalfundi kl.22:20

Á aðalfundinn voru skráðir 138 félagsmenn með atkvæðisrétt. Á fundinn mættu 71 með atkvæðisrétt og 8 án atkvæðisréttar.

Aðalfundi slitið kl. 22.10

Aðalbjörg Finnbogadóttir fundarritari  
Hildur Björk Sigurðardóttir fundarritari  
Birgir Örn Ólafsson fundarstjóri